

Hugrún Hjálmarsdóttir Höttur/ÚÍA/FHL – Knattspyrna/skiði/blak

Hugrún Hjálmarsdóttir hefur í áratugi verið ómetanlegur burðarás í íþróttastarfi á Austurlandi. Hún hefur í frítíma sínum beitt hæfileikum sínum og þekkingu til að efla íþróttalíf á Austurlandi í mörgum íþróttagreinum og fyrir fólk á öllum aldri. Hún hefur sinnt fjölbreyttu sjálfboðastarfi í knattspyrnu, skiðum og blaki og setið í stjórnnum og ráðum íþróttafélaga. Sem formaður FHL meistaraflokks kvenna í knattspyrnu leiddi hún liðið í gegnum tímabil í Bestu deildinni án þess að félagið hefði launaðan starfsmann. Hún hefur einnig staðið að uppbyggingu gönguskíðaiðkunar fyrir almenning og tryggt að börn og ungmenni á svæðinu hafi aðgang að skíðaíþróttum. Með eldmóði, drifkrafti og óeigingjörnu framlagi hefur Hugrún haft djúpstæð áhrif á íþróttalíf í heimabyggð og er því verðugur Íþróttaeldhugi ársins 2025.